



Kennari/ar: Svanur Ingvarsson og Eyvindur Bjarnason

Skammstöfun: SI og EY

Markmið:

Að loknu námi í þessum áfanga skal nemandi:

Geta skipt línum og hornum með bogaskurði og teiknað ýmsar gerðir af flatarmyndum.

Geta teiknað fallmyndir hluta frá ýmsum sjónarhornum og yfirborð þeirra útflatt, þ.e.

teiknað alla fleti og kanta í réttri stærð á einn flöt. Geta stækkað með ýmsum aðferðum og

rissað upp ýmsar gerðir flatarmynda.

Námsefni:

1. GRUNNTEIKNING II, (Mappa með teikniverkefnum og skýringum)

2. Teikniáhöld sem hér segir:

T - reglustrika, 40 sm

Teiknihorn, 45°

Sirkill

Teikniskriftarhorn og línuveiðari

Gráðubogi

Blýantar eða blýpennar 0,5mm, 2H og 4H

KENNSLUAÐFERÐIR

Í byrjun fer hópurinn sameiginlega af stað, á meðan farið er yfir helstu kynningar. Eftir það er um einstaklingskennslu að ræða, sem fer eftir þörfum og vinnuhraða hvers nemanda.

ÁÆTLUÐ YFIRFERÐ

Með því að fylgja eftirfarandi áætlun á að vera hægt að koma af í kennslustundunum öllum verkefnum - frá viku til viku - og losna þar með við heimavinnu ! Merkið með

krossi í dálkinn lengst til hægri, þegar viðkomandi verkefnum er lokið! Að því loknu kvittar kennari í viðkomandi reit neðst á teikningunni.

Áður en byrjað er á verkefnunum og jafnhliða því sem þau eru unnin, er áriðandi að kynna sér skýringarnar sem eru á undan verkefnunum

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vikur	Verkefnin eftir	X
	● FLATARTEIKNING – Lestu skýringarnar sem eru á undan verkefnunum!	
2. vika	- Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 7	
3. vika	- Verkefni 8, 9, 10, 11, 12 og 13	
4. vika	- Verkefni 14, 15, 16, 18 og 19	
	● RÚMTEIKNING – Lestu skýringarnar sem eru á undan verkefnunum!	
5. vika	- Verkefni 1, 2, 3, 4, 5 og 6	
6. vika	- Verkefni 7, 8, 9 10 og 11	
7. vika	- Verkefni 12, 13, 14, 15 og 16	
8. vika	- Verkefni 17, 18, 19, 20, 21 og 22	
9. vika	- Verkefni 23, 24, 25, 26 og 27	
10. vika	- Verkefni 28, 29, 30 og 31	
11. vika	- Verkefni 32, 33, 34 og 35	
	● FRÍHENDISTEIKNING II – Lestu skýringarnar sem eru á undan verkefnunum!	
12. vika	- Verkefni 1, 2, 4, 6, 9 og 12	
13. vika	- Verkefni 13, 14, 16, 17, 18 og 21	
14. vika	- Verkefni 22, 23, 25, 27 og 29	
15. vika	- Verkefni 30, 32, 34 og 38	
16. vika	- Frágangur og etv skoðuð gömul próf	

Ef nemendur hafa ekki í vikulokin náð að vinna þau verkefni er áætlunin greinir, skal það sem á vantar unnið jafnóðum sem heimaverkefni.

ATH ! MIKIL ÁHERSLA ER LÖGÐ Á SNYRTILEGAN FRÁGANG OG EIGA ÖLL VERKEFNIN AÐ VERA MERKT MEÐ TEIKNISKRIFT OG UNDIRRITUÐ AF EIGANDA SÍNUM - MEÐ PENNA !

Til að standast áfangann þarf nemandi:

Að ljúka öllum tilskyldum verkefnum áfangans og kennari hafa samþykkt þau.

(Ath að með dugnaði og vandvirkni getur nemandi lokið áfanganum fyrr á önninni en áætlun sýnir)

Námsmat:

Verkefni (mappa) 40% , próf 60%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.